



2010

Þjóðarspeggillinn

Hve hár var hinn hávi?

Hlutverk Óðins í íslensku samfélagi fyrir kristnitöku

Terry Gunnell

Félags- og mannvísindadeild
Ritstjórar: Gunnar Þór Jóhannesson og Helga Björnsdóttir

Rannsóknir í félagsvísindum XI. Erindi flutt á ráðstefnu í október 2010

Ritrynd grein

Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands

ISBN 978-9979-9956-6-1



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Hve hár var hinn hávi?

Hlutverk Óðins í íslensku samfélagi fyrir kristnitöku¹

Terry Gunnell

Í nýlegri bók Gro Steinsland, *Norron religion* (2005) er kafli sem nefnist, Odin: Den mektigste asen¹. Staðhæfingar um yfirburði Óðins í stigveldi goðanna, eins og heiti kaflans gefur til kynna, hafa oft verið settar fram – þá gjarnan með athugasemd um að fyrst og fremst sé vísað í orð Snorra Sturlusonar í *Snorra Eddu* og *Ynglinga sögu* (sjá t.d. Jón Hnefil Aðalsteinsson, 1999; Lindow, 2001; Ólaf Briem, 1945; Orchard, 2001; Simek, 1993; Ström, 1995; Turville-Petre, 1964). Það er því nokkuð kaldhæðnislegt að þegar Snorri Sturluson fullyrkti að „Alföðr“ (þ.e. Óðinn) „lifir [...] of allar aldir ok stjórnar öllu ríki sínu ok ræðr öllum hlutum stórum ok smáum“ (Snorri Sturluson, 2005, bls. 8) bjó hann á eyju þar sem mjög fáir virðast hafa tilbeðið Óðin, að undanskildu fámennu bræðralagi farandskálda. Auðvitað hlýtur nafn Óðins að hafa verið þekkt hér á landi en, eins og verður sýnt fram á í eftirfarandi grein, er fátt sem gefur til kynna að trúarleg heimsmynd flestra íbúa Íslands fyrir upphaf kristnitöku hafi endurspeglað það stigveldi sem birtist í verkum Snorra. Það er tími til kominn að þeir fræðimenn sem skrifa um form og eðli norrænnar trúar fari varlega í því að treysta fullyrðingum Snorra varðandi trúarlega heimsmynd manna á norðurslóðum, ekki síst á Íslandi og í vestur Noregi þar sem ástæða er til að ætla að flestir hafa borið meiri virðingu fyrir Þóri.

Hugmyndin um að Óðinn hafi í raun ekki verið tilbeðinn víða á Íslandi hefur áður verið sett fram í fjölda annarra verka (sjá t.d. DuBois, 1999; Jón Hnefil Aðalsteinsson, 1988, 1999; Lassen, 2006; Ólaf Briem 1945; Simek, 1993; Ström, 1995; Strömbäck, 1975; Turville-Petre, 1964, 1992a, 1958). Hins vegar hefur lítið verið rætt um *afleiðingar* staðhæfinganna um fjarveru Óðins á Íslandi fyrir skilning okkar á eðli fornnorrænnar trúar. Eins og ég mun sýna fram á, kalla slíkar staðhæfingar á nákvæma endurskoðun á landfræðilegri og félagslegri útbreiðslu fjölda lykilhugtaka í tengslum við fornnorræn trúarbrögð. Þá er ekki aðeins átt við meinta yfirstjórn Óðins, heldur einnig hugmyndir manna varðandi sköpun heimsins, Valhöll og ragnarök.

Vert er að byrja á að skoða vitnisburð um trú Íslendinga fyrir kristnitöku í öðrum heimildum en verkum Snorra sem sumar voru ritadar fyrir tíð hans. Heimildir þær sem um ræðir hafa áður verið rannsakaðar í þessu sambandi m.a. af Ólafi Briem (1945) og Turville-Petre (1964, 1992a), en samt er ástæða til þess að endurskoða þetta efni í nýju samhengi. Fjöldi fræðimanna hefur undanfarin ár bent á að tími sé kominn til að menn hætti að tala um nokkuð stöðug fornnorræn „trúarbrögð“ eða goðafræði, í líkingu við önnur trúarbrögð eins og kristni eða íslam sem eru byggð á ákveðnum grunntexta. Í staðinn ættu menn að velta fyrir sér hugmyndinni um eins konar „trúarkerfi“ með sameiginleg einkenni en mismunandi þætti og áherslur sem eru breytilegar eftir tíma, svæðum og samfélagslegu - og landfræðilegu umhverfi (sjá t.d. Andrén, 2007; Brink, 2007; DuBois, 1999; Gunnell, 2005, 2007; McKinnell, 1994,

1 Þýðandi: Liv Anna Gunnell; yfirllestur Steingrímur Þórðarson.

2005; Price, 2002; Schjødt, 2008, 2009). Eins og þessir fræðimenn hafa bent á, á grundvelli rannsókna á sviði fornleifafræða, á örnefnum og skriflegum heimildum er enginn vafi á því að menningarlegur orðaforði fólks á Norðurlöndum hefur verið jafn breytilegur og þjóðfræðin sem safnað var á þessum svæðum um miðja nítjándu öld. Ísland, þar sem flestar skriflegar heimildir um fornnorræna trú á frummáli voru skráðar, er gott dæmi um þessa fjölbreytni. Það er engin augljós ástæða þess að trú og trúarathafnir í mismunandi landshlutum á Íslandi hefðu átt að vera nákvæmlega hinar sömu og þekktust t.d. í herbúðum á Jótlandi.

Samantekt á víðeigandi ritheimildum um heiðna trú á Íslandi hlýtur að hefjast á *Landnámabóke*, en fyrsta gerð hennar var áreiðanlega samin við upphaf tólftu aldar, um það bil eitt hundrað árum eftir formlega kristnitöku (Íslendingabók. Landnámabók, 1968). Viðbætur og lagfæringar við verkið voru gerðar seinna, m.a. af frænda Snorra, Sturlu Þórðarsyni, í kringum 1270, aðeins fimmtíu árum eftir að Snorri setti saman *Snorra Eddu*, og á sama tíma og var verið að setja saman *Konungsbók Eddukvæða* (Íslendingabók. Landnámabók, 1968). *Landnámabóke* er fyrst og fremst skrá yfir minningar um landnám Íslands, sem voru varðveittar munnlega í innflytjendasamfélagi, ekki er óhugsandi að fyrstu safnarar efnisins hafi heyrt minningarnar frá barnabörnum þeirra sem voru á lífi fyrir tíð opinberrar kristnitöku (sjá m.a. Íslendingabók. Landnámabók [1968] um heimildir Ara). Með þetta í huga er áhugavert að það er aðeins einu sinni minnst á Óðin í *Landnámu* (allar gerðir meðtaldar) (Landnámabók, 1968). Hins vegar er minnst á Frey fimm sinnum, og sex sinnum á Þór (og þá í talsvert víðamiklu máli) (Landnámabók, 1968). Mjög áhugavert er að sjá hve oft Þórr er tengdur við tré (öndvegissúlur), sjóferðir og vernd í óveðri; að honum hafi verið færðar fórnir og að það hafi verið hægt að öðlast fréttir frá honum. Í stuttu máli sagt er ekki aðeins minnst á Þór með nafni í þessum sögum, heldur gefa þessar upplýsingar til kynna (samkvæmt munnlegri hefð) að alls kyns trúarlegar athafnir hafi verið stundaðar í tengslum við hann í náttúrulegu umhverfi manna á landnámsöld.

Auðvitað mætti halda því fram að höfundar og seinni tíma ritstjórar *Landnámabókar* hafi allir tekið þátt í kristnu samsæri sem var ætlað að eyða nafni Óðins úr landnáms-sögunni (en af einhverjum ástæðum halda eftir nöfnum Þórs og Freys). Það virðist þó fremur ólíklegt í ljósi þess að Óðinn fær þveröfuga meðferð í *Snorra Eddu* á svipuðum tíma (ef hægt er að treysta því að seinni tíma handrit verksins endurspeglar hugmyndir Snorra). Í raun bendir allt til þess að efni *Landnámabókar* gefi nokkuð skýra mynd af sagnaminingum Íslendinga á elleftu, tólftu (og þrettándu) öld um trú og trúarathafnir forfeðra sinna.

Það er mikilvægt að hafa í huga að vísbendingarnar sem við fáum úr *Landnámabóke* standa ekki einar og stakar. Ofangreindar röksemdir njóta stuðnings frá Íslendingasögunum þar sem heldur er varla minnst á Óðin, nema í frásögnum af skáldum. En þessar frásagnir eru þó ekkert í líkingu við lýsingarnar á trúarlegum athöfnum í tengslum við Þór í *Eyrbyggja sögu* (1935), og Frey í *Víga-Glúms sögu* (1956), *Vatnsdala sögu* (1939), *Gísla sögu Súrssonar* (1943) og *Hrafnkels sögu* (1939). Áhugi fjölskyldna á einstökum goðum endurspeglar ef til vil einnig í fjölda íslenskra eiginafna sem innihalda forliðinn eða endinguna Þór. Um 25% nafna í *Landnámabóke* innihalda nafnið Þór (Ólafur Briem, 1945) og það er algengt í Íslendingasögunum og einnig á Íslandi í dag. Á eftir koma nöfn sem vísa til Freys; ásamt þeim sem innihalda forliðinn Ing- (*Eyrbyggja saga*, 1935; *Landnámabók*, 1968; sbr. Snorri Sturluson, 1941-1951, um nafnaval fornmanna í sambandi við trú).

Að auki benda *Landnámabók* og Íslendingasögur til þess að fólk hafi helgað goðunum eignir sínar þegar það flutti til Íslands. Þetta átti sérstaklega við um landið sem það lifði á (Víga-Glúms saga, 1956; Eyrbyggja saga, 1935). Eins og Svavar Sigmundsson hefur bent á innihalda a.m.k. 25 örnefni á Íslandi forliðinn Þór. Til samanburðar eru aðeins þrjú örnefni sem innihalda nafnið Freyr (tvö Freysnes og einir Freyshólar) og tvö sem vísa í Njörð, en, ekkert örnefni er kennt við Óðin hér á landi svo vitað sé, og er það væntanlega merki þess að hann hafi ekki verið tignaður hér að neinu marki' (Svavar Sigmundsson, 1992, bls. 244).

Að sjálfsögðu mætti halda því fram að á Íslandi hafi Óðinstrú verið falin á bak við önnur eiginnöfn eins og Grímr og Gizzr eða forskeyti eins og Úlf-, Hest-, Örn- og Hrafn- (Nordal, 1999). Þó þetta geti vel verið rétt þá vekur það upp aðrar spurningar: Hvers vegna völdu Óðinsmenn eins og Egill Skallagrímsson og Hallfreðr vandræðaskáld ekki slík nöfn á börn sín? (Egils saga Skalla-Grímssonar, 1933; Hallfreðar saga, 1939). Og hvers vegna var *Hrafnkell* nefndur Freysgoði (en ekki Óðinsgoði)? Einnig mætti spyrja af hverju nöfn með forskeytinu Hest- ættu frekar að vísa í Óðin en Frey (sem er svo oft tengdur við hesta [sjá Hrafnkels saga, 1939; Vatnsdæla saga, 1939; og Þátrr Rauðs hins ramma, í Flateyjarbók, I, 1944-1945]). Raunar sýnist mér að í þessu samhengi sé gengið aðeins of langt í því að reyna að finna vitnisburð um Óðinstrú á Íslandi, ekki síst í ljósi þess að það virðist ekki hafa verið mikil hræðsla við beina notkun nafns Óðins þegar landsvæði hafa verið helguð honum annars staðar (Brink, 2007; Wilson, 1992).

Önnur rök sem hafa verið færð fyrir útbreiddri trú á Óðin á Íslandi á síðastliðnum árum eru þau að minnst er á hamskipti í Íslendingasögunum og að hestar og sverð hafi verið grafin með mönnum á Íslandi (Nordal, 1999). Aftur má setja spurningamerki við báðar þessar röksemdarfærslur. Í fyrsta lagi voru hamskipti tengd við margt í ýmsum menningarheimum fyrir kristnitöku og í hinu fornnorræna samfélagi vísa hamskipti jafn mikið til Loka og Freyju eins og Óðins, berserkja og úlfhédna. Í öðru lagi tel ég að eign á hesti og spjóti bendi varla til þess að viðkomandi tigni Óðin frekar en nokkurt annað goð. Hugsanleg fórn dýra og greftrun vopna hefur líklega frekar stafað af persónulegum tengslum milli manns, vopna hans og hesta.

Þegar á heildina er lítið virðast vísbendingar úr *Landnámabók*, Íslendingasögunum og örnefnum sem tengjast mikilvægi Þórs (og Freys) í samanburði við almennt áhugaleysi á Óðni vera óyggjandi. Frekari stuðning fyrir þessu má ef til vil finna í baugæiðnum sem minnst er á í Úlfjótsslögum, þar sem áherslan er lögð á þrenningu goða: ‚Freyr ok Njörðr ok hinn almáttki áss‘ (*Landnámabók*, 1968, bls. 315 [H 268]). Eins og bent hefur verið á getur orðalagið ‚hinn almáttki áss‘ hér þýtt það sama og NN í lögfræðiskjölum nútímans, þótt líklega sé verið að vísa með virðingu í Þór (Jón Hnefill Aðalsteinsson, 1999). En kraftur í merkingunni ‚máttr‘ er sannarlega ekki einn af dæmigerðum eiginleikum Óðins. Í stuttu máli sagt virðist nafn Óðins yfirleitt ekki hafa komið við sögu í minningum af lagalegum og trúarlegum athöfnum á Íslandi.

Enn frekari stuðningur við vísbendingarnar úr *Landnámabók* kemur frá fornleifafundum á Íslandi. Nánast engin rúnaskrif hafa fundist hér á landi frá því fyrir kristnitöku og engir fundir sem vísa beint í Óðin á meðan þrír Þórshamrar hafa fundist (Kristján Eldjárn, 2000) auk styttnnar frá Eyrarlandi (sjá Perkins, 2001).

Í þessu samhengi er einnig vert að hafa í huga að lík voru sjaldnast brennd á Íslandi, ólíkt því sem tíðkaðist í mörgum nágrannalöndunum (Kristján Eldjárn, 2000). Þetta er ekki svo undarlegt í sjálfu sér en er áhugavert í ljósi staðhæfingar frá Snorra í *Ynglinga sögu* um lög Óðins að ‚alla dauða menn skyldi brenna ok bera á bál með þeim eign

þeirra' ef þeir vildu komast til Valhallar (Snorri Sturluson, 1941-1951, I, bls. 20). Hins vegar stendur hér mjög skýrt í *Ynglingasögu* að Freyr sé heygður (ólíkt Óðni og Nirði) (Snorri Sturluson, 1941-1951, I). Enn einu sinni er Snorri í mótsögn við sjálfan sig – það er að segja ef hann meinti það í alvöru að Óðinn hafi verið talinn æðstur goða um gervallan hinn norræna heim (þar með talið heimaland sitt, þar sem menn virðast þó ekki hafa viljað fara til Valhallar samkvæmt þessu).

Munnlegar sagnir, örnefni, eiginnöfn og forleifafundir á Íslandi virðast því allt benda til þess að Óðinn hafi almennt ekki verið tilbeðinn af landnemunum á Íslandi. En það er einnig nokkuð áhugavert að vísbendingar sem við fáum úr sögnum um kristnitöku Íslendinga, sem á sér stað um það bil eitt hundrað árum eftir landnám, gefa til kynna að jafnvel þá hafi lítið breyst. Þrátt fyrir hlutverk Óðins í *Snorra Eddu* sem svokallað æðsta goð og leiðtogi áslíða í við ragnarökum, er fjarvera hans áberandi bæði í sögnum og kvæðum frá því um kristnitöku. *Kristni saga*, líklega samin á 13. öld, og einnig byggð að miklu leyti á munnlegum sögum (Sverrir Tómasson, 1992), inniheldur nokkrar ljóðrænar tilvísanir í æsina (almennt) og völd þeirra yfir náttúrunni, sem truflaði starf hinna kristnu trúboða. Fyrsta dæmið um slíkt birtist í kvæði sem sagt er hafa verið ort af heiðnu skáldi um það bil árið 996, eftir óveður þar sem skip trúboðans Stefnis Þorgilssonar strandaði. Skáldið segir að goðin hljóti að vera voldug að geta valdið slíkum hamförum (SPSMA, 2010; *Kristni saga*, 2003). Svipuð hugmynd um tengsl reiði goðanna við náttúruhamfarir birtist í frásögninni um eldgosid sem hófst þegar umræður stóðu sem hæst um kristnitökuna (*Kristni saga*, 2003). En var þá átt við reiði Óðins eða jafnvel um hóp ása undir forystu hans?

Hér mætti huga að vísu Vetrliða Sumarliðasonar um vald og reiði Þórs sem á að hafa verið ort á svipuðu tímabili (SPSMA, 2010; Snorri Sturluson, 1998). Formi og innihald vísunnar svipar til kvæðis um verndarmátt Þórs eftir Þorbjörn Dísarskáld, sem ort var á svipuðum tíma (SPSMA, 2010; Snorri Sturluson, 1998). Það er nokkuð ljóst að bæði kvæðin eru eins konar bölvun, nokkurs konar andstæða Merseburgsæringarinnar (Lindow, 2001). Í þessu tilfelli á reiði goðsins að bitna á þeim sem kvæðinu er beint að. Svipuð nálgun sést í kvæðum eftir Steinunni, móður Skáld-Refs, sem undirstrikar svo ekki verður um villst að Þórr var talinn helsti andstæðingur bæði Þangbrands og Krists – og var einnig álitinn 'máttugr' í sköpun óveðurs (SPSMA, 2010; *Kristni saga*, 2003). Enn og aftur er ekkert minnst á þátttöku Óðins í vörn heiðinna Íslendinga gegn ágengni kristninnar. Þrátt fyrir að Þórr hafi verið talinn helsti verndarvættur Ásgarðs í heimsmynd Óðinsmanna sem birtist í *Snorra Eddu* er samt ástæða til að benda á að sem leiðtogi goðanna er Óðinn furðulega óvirkur á svo erfiðum tímum.

Þegar allt kemur til alls virðast fæstir Íslendingar hafa þurft á Óðni að halda hvorki við landnám né kristnitöku. Fyrir utan Snorra (og Eddukvæðin sem hann notaði) eru það aðeins hirðskáldin sem leggja áherslu á völd Óðins. En þau voru mörg hver langt frá því að vera dæmigerðir íslenskir bændur, heldur gerðust heimsborgarar þegar þau unnu fyrir konunglega viðskiptavini erlendis sem á þessum tíma aðhylltust Óðin (Turville-Petre, 1992a). Auk þess má ekki gleyma því að mörg skáld virðast hafa trúað því að snilligáfa þeirra kæmi frá Óðni og að hún viðhélldist meðan þau aðhylltust hann. En þetta var fámennur hópur.

Vert er að hafa í huga að yfirburðir Þórs einskordast svo sannarlega ekki aðeins við Ísland. Fræðimenn hafa áður bent á hve sjaldan nafn Óðins er notað í örnefnum og hve algengt nafn Þórs er í örnefnum í vestur og norður Noregi (Brink, 2007). Svípaða áherslu má einnig finna í írskum annálum (Turville-Petre, 1964), þar sem Norðmenn

sem réðust á Írlandi virtust einnig hafa tengt sig og trú sína við Þór frekar en Óðin. Sama hugmynd birtist í lýsingum Snorra sjálfs á hofi í Þrándheimi í *Ólafs sögu Tryggvasonar* (Snorri Sturluson, 1941-1951, I) sem minnir á lýsingar Adams frá Brimum á Gömlu Uppsölum um miðja elleftu öld, þar sem ‚the mightiest of them, Thor, occupies a throne in the middle of the chamber; Wotan and Frikko have places on either side‘ (Adam frá Brimum, 1917, bls. 259-260, 1959, bls. 208). Annað dæmi má finna í frásögnum Snorra í *Ólafs sögu helga* (Snorri Sturluson, 1941-1951, II).

Ekki er síður athyglisvert að eftir kristnitökuna í Noregi virðist kirkjan þar hafa talið það nauðsynlegt að skipta út ímyndinni af Þór með hamar fyrir ímynd af Ólafi helga með öxi (báðir drepa risa: Bø, 1955; sjá einnig Þátt Rauðs hins ramma í Flateyjarbók, 1944-1945, I); og einnig sú staðreynd að ólíkt Óðni lifði Þór áfram með ýmsu móti í norskum þjóðsögum og þjóðtrú allt fram á nítjándu öld (sjá t.d. Bø o. fl., 1981). Það er greinilegt að það var næstum jafn erfitt að má ímynd Þórs úr hugum fólks á tilteknum landsvæðum og gömlu náttúruvættanna. Allt öðru máli gegnir um Óðin. Eftir kristnitökuna virðist önnur hlið hans hafa blandast við Jesú Krist. Hin hliðin verður að djöfli, m.a. í þjóðtrú í Danmörku og Svíþjóð.

Hins vegar má ekki gleyma því að Þórr var ekki eina goðið sem átti möguleika á að leika hlutverk hins ‚háva‘ meðal fólks á Norðurlöndum. Auk algengra lýsinga á tilbeiðslu Þórs, eru frásagnir í *Ólafs sögu Tryggvasonar enni mestu* (frá 14. öld) sem segja frá trúarathöfnum við stytur af Frey í Uppsölum og Þrándheimi (Þátt Rauðs hins ramma, í Flateyjarbók, 1944-1945, I; sbr. Ögmundar þáttur dytts, 1956). Eins og áður sagði benda aðrar ritheimildir til þess að Freyr hafi einnig verið tilbedinn af landnámsmönnum á Íslandi. Enda gefur nafn hans til kynna að margir hafi trúað því að hann væri æðstur goðanna. Nöfn fornra ættbálka eins og Ynglingar og Ingvaeones endurspeglar þetta viðhorf enn frekar. Einnig röktu margar ráðandi fjölskyldur í Svíþjóð, Noregi og Englandi ættir sínar til hans (Sundqvist, 2002). Svipaða hugmynd má finna í *Ynglinga sögu* þar sem Snorri segir að Freyr sé nefndur ‚veraldargod‘ (sbr. notkun Sama á orðasambandinu, Waralden-olmay‘) (Snorri Sturluson, 1941-1951, I, bls. 25; Fritzner, 1877; Olrik, 1904). Getur það verið að þeir sem vitnuðu í Frey á slíkan hátt hafi nokkurn tíma litið á hann sem undirmann Óðins?

Þegar á heildina er litið bendir allt til þess að slík ‚almáttug‘ ímynd af Óðni, sem sett er fram bæði í *Ynglinga sögu* og *Snorra Eddu*, sýni að Óðinn hafi bætt við sig þó nokkrum eiginleikum annarra goða. Slíkt er ekki litið afrek fyrir goð þeirra sem eru að byggja nýja þjóð og stétt stríðsmanna, en ímynd Valhallar undir stjórn Óðins endurspeglar stóru herbúðirnar sem voru settar upp af þessum nýju drottnum (Hall, 2007; Lund, 2008; Roesdahl, 2008). Samt sem áður bendir allt til þess að ekki sé hægt að treysta fyllilega á myndina sem Snorri dregur upp af stigveldi goðanna. Varast ber að yfirfæra hana á heimsmynd fólks á Norðurlöndunum almennt, þar með talið í Noregi og á Íslandi, frá landnámi fram að kristnitöku. Það virðist nokkuð ljóst að hvorki *Snorra Edda* né *Ynglinga saga* endurspeglar á hlutlausan hátt heimssýn flestra þeirra sem bjuggu á Norðurlöndunum (heimsmynd sem Snorri hlýtur af hafa þekkt), heldur hafi þau verk verið ætluð útvöldum og fámennum hópi lesenda sem aðhylltust ‚Óðins-miðaðan‘ heim: *Heimskringla* hafi þá verið ætluð efri stéttum norska aðalsins (sem Sturlungarnir vildu líkjast) og *Snorra Edda* hefur líklega verið ætluð nokkuð þröngum bræðralagshópi nostalgískra íslenskra skálda á þrettándu öldinni, mönnum sem röktu list sína aftur til heiðinna forfedra sinna – til manna sem höfðu þjónað fyrrnefndum ráðandi stéttum erlendis og fundið fyrir sterkri tengingu við Óðin, þaðan sem list þeirra var sögð koma. Það getur líka vel verið að Snorri hafi jafnframt

haft sínar eigin ástæður fyrir að vilja breyta sagnfræðilegum (í skilningi Ara fróða) upplýsingum, sér og/eða ráðandi stéttum bæði í Noregi og á Íslandi í vil eða vegna heimsmyndar fjölskyldu sinnar.

Eins og áður sagði er ég langt frá því að vera fyrsti fræðimaðurinn sem hefur komist að þeirri niðurstöðu að Óðinn hafi ekki verið mjög mikilvægur hér á Íslandi nema fyrir hirðskáldin (og síðar nokkra af ætt Sturlunga sem vildu líkjast konungum á meginlandinu). En þegar hugsað er til fólksins sem nam land á Íslandi er í rauninni engin gild ástæða fyrir því að það hafi tilbeðið Óðin sem var goð dauðans, galdra og stríðs. Hann hafði mjög lítið að bjóða bændum eða sjómönnum. Fáir Íslendingar höfðu verið í herjum dönsku (og norsku) konunganna þar sem Óðinn var verðug fyrirmynd og hafði edlilega miklu hlutverki að gegna. Hermenn þurftu á sveigjanlegu goði algleymis að halda, goð sem bauð betra líf eftir dauðann, líf sem var þess virði að deyja hetjudauða fyrir. Bændur, verslunarmenn og sjómenn höfðu meiri áhuga á afkomu sinni og baráttunni við náttúruöflin.

Í ljósi ofangreindra röksemda ættum við að varast hugmyndir um eina forna norræna trú eins og sagt er frá í verkum Snorra. Röksemdirnar undirstrika þá staðreynd, að líkt og þjóðtrú á Norðurlöndum á síðari tímum, voru trú og trúarathafnir fyrir kristnitöku breytilegar eftir landsvæðum, stéttum, samfélagshópum og tíma (þótt þau hafi hugsanlega átt sameiginlegan grunn, nöfn og hugtök). En áhrifa þessarar staðhæfingar gæti víðar. Því hefur verið haldið fram að flestir á Íslandi og í vestur Noregi hafi talið Þór yfir önnur goð hafinn. Ef dæmigerður Íslendingur fyrir kristnitöku hefði sett saman goðsagnakver er ekki ólíklegt að það hefði innihaldið margar frásagnir *Snorra Eddu* – en áherslurnar hefðu ábyggilega verið ólíkar *Snorra Eddu* í stórum hluta efnisins. Hefði Þórr verið sonur Óðins í slíku safni? Og hefði það verið Óðinn, frekar en Þórr, sem skapaði heiminn og manneskjurnar? Hefði heimstréð frekar verið kennt við Óðin en Þór (þegar haft er í huga að aðrar heimildir, eins og þær sem fjalla um öndvegissúlurnar, ýja að sterkum tengslum milli Þórs og mikilvægra trjáa (Medieval sourcebook, e.d.; Turville-Petre, 1992b; sjá einnig Einhardi Annales og Annales Laurissenses, í Monumenta Germaniae Historica, 1826) Enn fremur er ástæða til að velja því fyrir sér hvort flestir Íslendingar hefði trúað því að karlmenn sem dóu færu til Valhallar, ekki síst í ljósi þess að mjög fá lík voru brennd fyrir kristnitöku, auk þess að í nokkrum frásögnum *Landnámabókar* er vísað í þá trú á að hinir látnu hafi lifað áfram í fjöllum eða hólum (Landnámabók, 1968). Getum við nokkuð gengið að því vísu að flestir Íslendingar hafi trúað á ragnarök þar sem Þórr beið ósigur (McKinnell, 1994). Hvernig upplifðu flestir Íslendingar hlutverk Óðins í slíkum heimi? Togstreitan á milli hugmynda skáldanna og Snorra og þeirra hugmynda sem endurspeglast í íslenskum (og norskum) sögnum í óbundnu máli er kannski augljós en það mætti spyrja svipaðra spurninga um goðsagnir og heimsmynd þeirra sem bjuggu í Svíþjóð: Hver ætli maður sem bjó í Härjedalen hafi haldið að hafi skapað heiminn?

Enn er fleira sem vert er að íhuga. Sú staðreynd að Þórr virðist hafa gegnt mikilvægu hlutverki í heimsmynd flestra á Íslandi og í vestur Noregi vekur einnig upp nýjar spurningar um önnur grundvallaratriði, eins og bakgrunn, uppruna, varðveislu, útbreiðslu og hlutverk Eddukvæðanna. Eins og margir vita gegnir Óðinn lykilhlutverki í mörgum kvæðanna. *Konungsbók* Eddukvæða endurspeglar svo *Snorra Eddu* með því að hafa Óðin í aðalhlutverki. Ef við samþykkjum að flest þessara verka séu byggð á frásögnum frá því fyrir kristnitöku (eins og Snorri virðist sjálfur hafa trúað) og að þau hafi verið fyrst skráð á Íslandi eða í vestur Noregi þar sem Þórr gegndi lykilhlutverki, þurfum við að endurskoða hver gæti hafa samið þau, hvers vegna þau voru varðveitt

svo lengi og hvernig þau gengu á milli manna. Hversu vel þekkt voru verk um Óðin eins og *Grimnismál*, *Vafþrúðnismál*, *Völuspá* og stór hluti *Hávamála* á eyju þar sem flestir lögðu traust sitt á Þór? Hver hefði tilgangur þeirra verið í slíku samfélagi? Er hægt að halda því fram að þeim hafi verið safnað erlendis (á svæði þar sem Óðinstrú var ríkjandi)? Ég giska á að ef kvæðin voru varðveitt á Íslandi þá hafi þau aðallega verið í eigu fámenns hóps skálda sem hafði góða ástæðu til að læra verkin, varðveita þau og deila með öðrum sem undirstöðuþekkingu í kvæðagerðarlist. Kannski endurspeglar verk eins og *Grimnismál* og *Vafþrúðnismál* einhvers konar ljóðræna vígslu sem er upprunnin í hernaðarsamfélögum sem skáldin kynntust erlendis. Aftur á móti er rökrétt að álykta að verk eins og *Skírnismál*, *Alvíssmál* og *Drymskviða*, þar sem Óðinn er varla sýnilegur, hljóti að koma úr allt öðru umhverfi. Það sama á við um uppruna margra godsagnanna um Þór.

Sumir gætu haldið því fram að ef við legðum verk Snorra og vísbendingar í dróttkvæðunum og Eddukvæðunum til hliðar og einbeittum okkur í staðinn að frásögnum í óbundnu máli, sem eru líklegri til taka breytingum í munnlegri geymd, þá værum við komin út á hálan ís í leit okkar að heimsmynd manna fyrir kristnitöku (sjá t.d. Jónar Kristjánsson, 1992). En er það ekki nákvæmlega eins og að hunsu öll þau rök sem hafa verið tíunduð í þessari grein? Sem fyrr segir eru rökin sem dregin eru af frásögnunum (sem lýsa heimsmynd margra manna) ekki aðeins studd af fornleifafræði heldur einnig rannsóknum á örnefnum (ásamt nokkrum staðbundnum kvæðum). Hirðskáldin voru hins vegar mjög sérstakur hópur listamanna með tengsl út fyrir landsteinana og þau höfðu góða ástæðu til þess að gerast bandamenn Óðins. Að einblína á persónulegar, alþjóðlegar og ljóðrænar lýsingar þessara skálda og hunsu upplýsingar ‚sagnfræðinga‘ á staðnum er dálítið eins og að skrifa sögu Bretlands á sjöunda áratug tuttugusta aldar og byggja hana eingöngu á textum eftir Lennon og McCartney. Það sama á við um að treysta Snorra í blindni, manni sem hefur greinilega fylgt sinni eigin pólitísku og menningarlegu sýn. Hann átti viðskiptavini sem höfðu góða ástæðu til að óska eftir heimsmynd þar sem Óðinn trónir á toppi stigveldisins. Ég legg áherslu á að það er ekki ætlunin að gera lítið úr eða afneita þeim mikilvægu upplýsingum um goðafræði eða trú sem birtast í Eddukvæðum, dróttkvæðum og verkum Snorra. Enda hefur slíkt efni líklegast verið ‚viðeigandi‘ fyrir tiltekinn hóp manna, hjá ákveðnum stéttum og jafnvel þjóðum á ákveðnu tímabili á Norðurlöndum (þá sérstaklega í Danmörku). Hins vegar bendir efni þessarar greinar til þess að nauðsynlegt sé að fara varlega í að halda því fram að efni fyrrnefndra verka endurspeglí trú meirihlutans í vestur Noregi og á Íslandi (og jafnvel víðast hvar í Svíþjóð), þar sem Þórr (og Freyr) virðast hafa gegnt miklu stærra hlutverki en Snorri heldur fram í verkum sínum. Auðvitað má notast við verk Snorra en það þarf að gera með varkárni og með það í huga að þau voru skrifuð í ákveðnum tilgangi fyrir minnihlutahópa. Enda er tími til kominn að við förum að hugsa um forn norræn trúarkerfi frá nýju sjónarhorni, sem hefst ekki með Snorra, og átta okkur á því að Óðinn var langt frá því að vera hinn ‚hávi‘ alls staðar, og allra síst á Íslandi, heimalandi Snorra.

Heimildir

- Adam frá Brimum (Adam of Bremen). (1917). *Gesta Hammaburgensis ecclesie pontificum*. Í B. Schmeidler (ritstjóri), *Scriptores rerum Germanicarum* (3. útgáfa). Hanover: Hahnsche.
- Adam frá Brimum (Adam of Bremen). (1959). *The History of the archbishops of Hamburg-Bremen* (F. J. Tschan þýddi). New York: Columbia University Press.
- Andrén, A. (2007). Behind heathendom: Archaeological studies of Old Norse religion. *Scottish Archaeological Journal*, 27(2), 105-38.
- Brink, S. (2007). How uniform was the Old Norse religion. Í J. Quinn, K. Heslop og T. Wells (ritstjórar), *Learning and understanding in the Old Norse world: Essays in honour of Margaret Clunies Ross* (bls. 105-35). Turnhout: Brepols.
- Bø, O. (1955). *Heilag-Olav i Norske folketradisjon*. Oslo: Det Norske Samlaget.
- Bø, O., Grambo, R., Hodne, B. og Hodne, Ø. (ritstjórar). (1981). *Norske segner*. Oslo: Norske samlaget.
- DuBois, T. A. (1999). *Nordic religions in the Viking age*. Philadelphia: University of Pennsylvania Press.
- Egils saga Skalla-Grimssonar*. (1933). Í Sigurður Nordal (ritstjóri). *Íslenzke fornrit*. (II bindi). Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.
- Eyrbyggja saga*. (1935). Í Einar Ólafur Sveinsson og Matthías Þórðarson (ritstjórar). *Íslenzke fornrit*. (IV bindi, bls. 1-184). Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.
- Flateyjarbóke* (I-IV bindi). (1944-1945). Í Sigurður Nordal (ritstjóri). Akranes: Flateyjarútgáfan.
- Fritzner, J. (1877). Lappernes hedenskab og trolddomskunst sammenholdt med andre folks, især nordmændens, tro og overtro. *Historisk Tidsskrift*, 4, 135-217.
- Gísla saga Súrssonar*. (1943) Í Björn K. Þórólfsson og Guðni Jónsson (ritstjórar), *Íslenzke fornrit*. (VI bindi, bls. 1-118). Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.
- Gunnell, T. (2005). The season of the *Dísir*: The Winter Nights and the *Dísarblót* in early Scandinavian belief. *Cosmos*, 16, 117-149.
- Gunnell, T. (2007). How Elvish were the Álfar? Í A. Wawn, G. Johnson og J. Walter (ritstjórar), *Constructing nations, reconstructing myth: Essays in honour of T. A. Shippey* (bls. 111-130). Turnhout: Brepols.
- Hall, R. (2007). *The world of the Vikings*. New York: Thames and Hudson.
- Hallfræðar saga*. (1939). Í Einar Ólafur Sveinsson (ritstjóri), *Íslenzke fornrit*. (VIII bindi, bls. 133-200). Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.
- Hrafnkels saga*. (1939). Í Jón Jóhannesson (ritstjóri), *Íslenzke fornrit*. (XI bindi, bls. 95-133). Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.
- Íslendingabóke Landnámabóke*. (1968). Í Jakob Benediktsson (ritstjóri), *Íslenzke fornrit*. (I bindi). Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.
- Jón Hnefill Aðalsteinsson.(1988). Norræn trú. Í Frosti F. Jóhannesson (ritstjóri), *Íslenske þjóðmenning*, V: *Triarhættir* (bls. 1-73). Reykjavík: Bókaútgáfan Þjóðsaga.
- Jón Hnefill Aðalsteinsson. (1999). *Under the cloak: A ritual turning point in the conversion of Iceland*. 2 (endurbætt útgáfa). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Jón Hnefill Aðalsteinsson. (1997). Blót and þing: The function of the tenth-century goði? Í Jón Hnefill Aðalsteinsson (ritstjóri), *A piece of horse liver: Myth, ritual and folklore in Old Icelandic sources* (bls. 35-56). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Kristján Eldjárn. (2000). *Kuml og haugfé úr heiðnum sið á Íslandi*. 2 (endurbætt útgáfa). Reykjavík: Mál og menning.
- Kristni saga*. (2003). Í Sigurgeir Steingrímsson, Ólafur Halldórsson og Peter Foote

- (ritstjórar), *Íslenskt fornrit*. (XV bindi, bls. 3-48). Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.
- Landnámabók. (1968). Í Jakob Benediktsson (ritstjóri), *Íslenskt fornrit*. (I bindi, Íslendingabók. Landnámabók, bls. 29-397). Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.
- Lassen, A. (2006). *Odin på kristent pergament: En teksthistorisk studie*. Óbirt doktorsritgerð: Háskólinn í Kaupmannahöfn.
- Lindow, J. (2001). *Handbook of Norse mythology*. Oxford: ABC CLIO.
- Lund, N. (2008). Cnut the Great and his empire. Í S. Brink og N. Price (ritstjórar), *The Viking world* (bls. 665-667). Abingdon: Routledge.
- McKinnell, J. (1994). *Both one and many: Essays on change and variety in late Norse heathenism*. Rome: Editrice Il Calamo.
- McKinnell, J. (2005). *Meeting the other in Norse myth and legend*. Cambridge: D. S. Brewer.
- Monumenta Germaniae historica: Scriptorum, Tomus I*. (1826). Í G. H. Pertz (ritstjóri). Hannover: Hahn.
- Nordal, G. (1999). Odinsdyrkelse på Island: Arkæologien og kilderne. Í U. Drobin, J. P. Schjødt, G. Steinsland og P. M. Sørensen (ritstjórar), *Religion och samhälle i det förkristna Norden* (bl. 139-56). Óðinsvé: Odense Universitetsforlag.
- Ólafur Briem. (1945). *Heiðinn siður á Íslandi*. Reykjavík: Bókautgáfa Menningarsjóðs.
- Orlik, A. (1904). Nordisk og Lappisk Gudsdyrkelse. *Danske Studier*, 39-57.
- Orchard, A. (2001). *Cassell's dictionary of Old Norse myth and legend*. London: Cassell.
- Perkins, R. (2001). *Thor the Wind-raiser and the Eyrarland image*. London: Viking Society for Northern Research.
- Price, N. S. (2002). *The Viking way: Religion and war in Iron-Age Scandinavia*. *Aun*, 31. Uppsala: Department of Archaeology and Ancient History.
- Roesdahl, E. (2008). The emergence of Denmark and the reign of Harald Bluetooth. Í S. Brink og N. Price (ritstjórar), *The Viking world* (bls. 652-664). Abingdon: Routledge.
- Schjødt, J. P. (2008). *Initiation between two worlds: Structure and symbolism in pre-Christian Scandinavian religion* (V. Hansen þýddi). Óðinsvé: Syddansk Universitetsforlag.
- Schjødt, J. P. (2009). Diversity and its consequences for the study of Old Norse religion: What is it we are trying to reconstruct? Í L. Slupecki og J. Morawiec (ritstjórar), *Between paganism and Christianity in the North* (bls. 9-22). Rzeszow: Wydawnictwo Uniwersytetu Rzeszowskiego.
- SPSMA. (2010). *Skaldic Poetry of the Scandinavian Middle Ages: Database*. Sótt 18. ágúst 2010 af <http://skaldic.arts.usyd.edu.au/db.php?table=database>
- Simek, R. (1993). *Hugtök og heiti í norrænni goðafræði*. Í Heimir Pálsson (ritstjóri). (Ingunn Ásdísardóttir þýddi). Reykjavík: Háskólaforlag Máls og menningar.
- Snorri Sturluson. (1941-1951). *Heimskringla*. (I-III bindi). Í Bjarni Aðalbjarnarson (ritstjóri). *Íslenskt fornrit*. (XXVI bindi). Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag.
- Snorri Sturluson. (1998). *Edda: Skáldskaparmál 1: Introduction, text and notes*. Í A. Faulkes (ritstjóri). London: Viking Society for Northern Research.
- Snorri Sturluson. (2005). *Edda: Prologue and Gylfaginning* (2. útgáfa). Í A. Faulkes (ritstjóri). London: Viking Society for Northern Research.
- Steinsland, G. (2005). *Norrøn religion: Myth, riter, samfunn*. Osló: Pax Forlag A/S.
- Ström, F. (1995). *Nordisk hedendom: Tro och sed i förkristen tid* (3. útgáfa). Gautaborg: Akademiförlaget.
- Strömbäck, D. (1975). *The conversion of Iceland: A survey*. London: Viking Society for Northern Research.
- Sundqvist, O. (2002). *Freyr's offspring: Rulers and religion in ancient Svea society*. Uppsala: Uppsala University.
- Svavar Sigmundsson. (1992). Átrúnaður og örnefni. Í Úlfar Bragason (ritstjóri),

- Snorrastefna, 25.-27. júlí 1990* (bls. 241-54). Reykjavík: Stofnun Sigurðar Nordals.
- Sverrir Tómasson. (1992). Sagnarit um íslensk efni – íslenskar þjóðarsögur. Í Guðrún Nordal, Sverrir Tómasson og Vésteinn Ólason (ritstjórar), *Íslensk bókmenntasaga*, I (bls. 292-308). Reykjavík: Mál og menning.
- Turville-Petre, G. (1958). Um Óðins dyrkun á Íslandi. *Studia Islandica*, 17, 5-25.
- Turville-Petre, E. O. G. (1964). *Myth and religion of the North*. New York: Holt, Reinhart and Winston.
- Turville-Petre, G. (1992a). The Cult of Óðinn in Iceland. Í G. Turville-Petre, *Nine Norse Studies* (bls. 1-18). London: Viking Society for Northern Research.
- Turville-Petre, G. (1992b). Thurstable. Í G. Turville-Petre, *Nine Norse Studies* (bls. 19-29). London: Viking Society for Northern Research.
- Vatnsdæla saga*. (1939). Í Einar Ólafar Sveinsson (ritstjóri), *Íslenskt fornrit*. (VIII bindi, bls. 1-131). Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.
- Víga-Glúms saga*. (1956). Í Jónas Kristjánsson (ritstjóri), *Íslenskt fornrit*. (IX bindi, bls. 1-98). Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.
- Medieval sourcebook. (e.d.). *Viti Bonifatii auctore Willibaldo* (k. 6). Sótt 19. ágúst 2010 af <http://www.fordham.edu/halsall/basis/willibald-boniface.html>
- Wilson, D. (1992). *Anglo-Saxon paganism*. London og New York: Routledge.
- Ögmundar þáttur dýttis*. (1956). Í Jónas Kristjánsson (ritstjóri), *Íslenskt fornrit*. (IX bindi, bls. 107-115). Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.